

Nd.

649. Nefndarálit

[188. mál]

um frv. til laga um landshöfn í Þorlákshöfn.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta og orðið sammála um, að óhjákvæmilegt sé, að það nái fram að ganga. Hefur það sýnt sig, að þau sýslufélög, sem réðust í hinar miklu framkvæmdir í Þorlákshöfn, rísa ekki undir þeim fjárhagslega, og kemst ríkissjóður ekki hjá því að taka að sér þær skuldir, sem til hefur verið stofnað, og halda framkvæmdunum að einhverju leyti áfram, þannig að sem mest not verði af því, sem þegar hefur verið gert. Á þetta getur nefndin fallizt, en jafnframt vill hún hvetja til ýtrustu varfærni, að því er áframhald framkvæmdanna varðar, og að ekki verði aukið við þær, nema að vandlega athuguðu máli.

Nefndin leggur til, að á 4. gr. frv. verði gerð svo hljóðandi

BREYTING:

Á eftir orðunum „kosnir af sameinuðu Alþingi“ komi: til fjögurra ára í senn.

Einn nefndarmanna, PS, var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 29. apríl 1966.

| | | |
|----------------------------------|--------------------|---------------------|
| Birgir Finnsson, form., frsm. | Jón Skaftason. | H. E. Þórarinnsson. |
| Sverrir Júlíusson. | Sigfús J. Johnsen. | Lúðvík Jósefsson. |